

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 13. maí 2024		
Tími: 14:30		
Staðsetning: Stofa A- 7 aðalbyggingu		
Síða 1 af 2		

Tegund fundar Skólanefnd

Fundarstjóri	Kolfinna Jóhannesdóttir
Fundarritari	Guðný Rún Sigurðadóttir
Mætt	Stefán Hilmarsson, Diljá Ámundadóttir, Birna Imsland, Sigyn Blöndal, Sandra Ocares, Þórdís Eyvör Valdimarsdóttir, Logi Hjörvarsson, Kolfinna Jóhannesdóttir, Guðný Rún Sigurðadóttir, Björk Þorgeirsdóttir og Ásdís Arnalds.

	Fundarefni
1.	Skólastarfið á vorönn Skólameistari sagði frá húsþingi starfsfólks sem haldið var í febrúar þar sem vinna hófst við mótun stefnu í skólastarfi framtíðarinnar. Greindi einnig frá starfsþróunardegi sem haldinn var í byrjun mars en þessi dagur er samstarfsverkefni margra framhaldsskóla um fræðslu innan greina. Samræmdar leiðbeiningar í EKKO málefnum komnar frá MMR. 185 stúdentsefni skráð til brautskráningar þetta vorið. Málþing á miðvikudag um félagslegt réttlæti í skólastarfi þar sem skólameistari situr í pallborði. Greindi frá stjórnendamáti sem forstöðumenn ríkisstofnana hafa nýverið farið í gegnum og kynnti niðurstöður matsins.
2.	Íslenskubraut Kynnt voru áform um nýja braut sem vonast er til að verði í boði frá og með næstu haustönn. Brautin er ætluð nemendum með annað móðurmál en íslensku. Nám á brautinni er sett upp sem fjögurra anna nám og námið á brautinni hugsað sem undirbúningur fyrir nám í íslenskum framhaldsskólum eða til þátttöku á íslenskum vinnumarkaði.
3.	Fréttir úr félagslífi nemenda Lagðar fram upplýsingar um nýkjörna stjórn Keðjunnar. Farið yfir helstu viðburði í félagslífi nemenda þar sem má nefna m.a. Peysufatadag, Tjarnardaga, árshátíð nemenda, feministaviku og skíðaferð til Akureyrar. Auk þess hefur Heimasætan verið gefin út, Fúria sýnt Lígallí Blond, haldnar bæði íþróttavika og útvarpsvika og útskriftarefni hafa dimmiterað.
4.	Fundargerðir kennarafunda Fundargerðir kennarafunda frá 5. apríl og 26. apríl 2024 lagðar fram og fundargerð skólafundar sem haldinn var 15. mars.
5.	Ársreikningur 2023 Lagðar fram upplýsingar úr ársreikningi fyrir árið 2023. Halli á rekstri ársins er kr. 18,7 m.kr. og samanlagður uppsafnaður halli á rekstri 45 m.kr.
6.	Starfsmannamál Gengið frá ráðningu námstjóra til fjögurra ára, samhliða var starfsheitinu breytt úr námstjóra í áfangastjóra.
7.	Viðhaldsframkvæmdir Lögð fram hugmynd að uppsetningu á lyftu við aðalbyggingu. Úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur kynnt. Kynntar framkvæmdir sem hafnar eru við endurbætur í kjallara í aðalbyggingu og áætlun um endurbætur á vinnurými kennara í risi aðalbyggingar. Skipt verður um dúka í Miðbæjarskóla og fleiri smærri viðhaldsframkvæmdir þar.

Gerð skjals: Fundargerð	Kvennaskólinn í Reykjavík	
Dags.: 13. maí 2024		
Tími: 14:30		
Staðsetning: Stofa A-7 aðalbyggingu		
Síða 2 af 2		

8.	Önnur mál Spurt um fyrirhugaða sameiningu við Menntaskólann við Sund og hvort fallið hafi verið frá hugmyndum þar um, áætlanir um það verið slegnar út af borðinu. Sigyn tilkynnti fyrirhugaða afsögn sína úr skólanefnd vegna búferlaflutninga.
	Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 16:00.